



SÓKNARÁÆTLANIR
LANDSHLUTA

Áfangastaða- og markaðsstofa fyrir höfuðborgarsvæðið

Tillaga um milliskref fyrir árið 2022
Nóv 2021

Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fulltrúar frá borg, bæjar- og sveitarfélögum ásamt fulltrúum ferðaþjónustunnar og verslun og þjónustu

Andri Ómarsson, Verkefnastjóri - þróunar og þjónustusvið, Hafnarfjörður

Ármann Kr. Ólafsson, Bæjarstjóri, Kópavogur

Hugrún Ósk Ólafsdóttir, Verkefnastjóri - þróunar og samskiptadeild, Mosfellsbær

Hulda Hauksdóttir, Upplýsingastjóri, Garðabær

María Björk Óskarsdóttir, Sviðsstjóri, Seltjarnarnes

Kjartan Örn Sigurðsson, Framkvæmdastjóri Verslanagreiningar, Samtök verslunar og þjónustu

Rannveig Grétarsdóttir, Framkvæmdastjóri Eldingar, Samtök ferðaþjónustunnar

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Formaður borgarráðs, Reykjavík

Þórir Garðarson, Grayline/Formaður FMH, Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins

- Tillaga 1 – stóra skrefið - verið kynnt fyrir öllum bæjarráðum
- Tillaga 2 - milliskref fyrir árið 2022 – rætt í ráðgjafahópi

Milliskref 2022

Samstarfsvettvangur sveitarfélaga og atvinnulífsins

Settur verði af stað samstarfsvettvangur sveitarfélaga og atvinnulífsins um áfangastaðinn í byrjun árs 2022 með einum starfsmanni. Skrifað undir samkomulag um samstarfið fyrir lok árs 2021.

Samstarfssvettvangurinn verði síðan í lok árs 2022 að áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins. Þar til þá myndi verkefnið vera á ábyrgð SSH en með verkefnisstjórn.

Stjórn

Sett verði af stað stjórn (verkefnisstjórn) áfangastaða- og markaðsstofu sem hafi það hlutverk að fylgja verkefnum eftir. Stjórn SSH og Reykjavíkurborg tilnefnir í stjórn ásamt samtökum atvinnurekenda (SVP, SAF og Ferðamálasamtökin).

Stefnuráð

Sett verði af stað stefnuráð sem öll sveitarfélögin og samtökin eigi fulltrúa í á árinu 2022. Hlutverk ráðsins verði að vera ráðgefandi og samþykkja stefnu og framtíðarsýn um höfuðborgarsvæðisins sem áfangastað.

Ferðamálaping verði haldið sem upphafið að vinnunni í upphafi ársins (mars) sem umræðuvettvangur hagaðila.

Samstarfsvettvangur um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið

Tilgangur

Samstarfsvettvangur sveitarfélaga og atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál með það hlutverk að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinnar samkeppnishæfni.

Áherslan er á þróun, kynningar og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðaþjónustu og tengdra aðila.

Markmið

- Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Að þróa og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda.
- Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Að styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar eftir COVID19

Samstarfsaðilahópur

Janúar ár hvert

Samstarfsaðilar

Í þeim hópi eru öll þau fyrirtæki sem greiða í stofuna.

Tilnefna fulltrúa í stjórn og stefnuráð stofunnar.

Sveitarfélög

Eftir þörfum

Sveitarfélög tilnefna fulltrúa á sínum vettvangi í stefnuráðið – pólitískt kjörnir fulltrúar ásamt fólki með þekkingu á ferðamálum.

Stjórn SSH og Reykjavíkurborg tilnefnir fulltrúa í stjórn.

Ferðamálaping

höfuðborgarsvæðisins

Haldið fyrir lok apríl ár hvert

Öllum hagaðilum boðið.

Pólitískt kjörnir fulltrúar og samstarfsaðilar stofunnar – ásamt aðrir hagaðilar eins og við á.

Ferðamálapingið er umræðuvettvangur hagaðila sem er til þess fallinn að fá fram kynningu og tillögur um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu sem hægt er að vísa til stefnuráðsins.

Stefnuráð

Mars / Nóvember

Hittist 2x á ári.

Fjöldi: 26
Í sitja pólitískt kjörnir fulltrúar ásamt aðilum sem hafa fagþekkingu á málaflokknum frá hverju sveitarfélagi (13).

Frá samstarfsaðilum sitja stjórnendur fyrirtækja í ferðaþjónustu, verslun og þjónustu og menningu (13).

Staðfestir tilnefningar í stjórn á fundi fyrir ferðamálaping.

Ráðið skal einnig vera ráðgefandi og samþykkja stefnu stjórnar og framtíðarsýn um höfuðborgarsvæðið sem áfangastað.

Stjórn

Mánaðarlega

Hittist mánaðarlega.

Tilnefningar koma frá sveitarfélögum og samstarfsaðilaráði í febrúar.

2 fulltrúar sveitarfélaga tilnefndir af stjórn SSH
1 fulltrúi Reykjavíkurborgar
3 fulltrúar atvinnulífsins.

Öll sveitarfélögin hafa kost á að hafa áheyrnarfulltrúa.

Faghópar

Búnir til eftir þörfum

Samstarfsaðilar frá sveitarfélögum og atvinnulífinu ráðgefandi til framkvæmdastjóra um tiltekin málefni. Kallað eftir viðeigandi fagþekkingu úr stjórnsýslu og frá samstarfsaðilum.

Helsta markmiðið með ráðinu er tenging milli stofnenda og stjórnar stofunnar.

Verkefni samstarfsvettvangsins 2022

- 1) **Áfangastaðaaætlun, stefna, framtíðarsýn og aðgerðaráætlun til 3-5 ára**
- 2) Tölfræði, markmið og mælikvarðar fyrir áfangastaðinn
- 3) Mótun og uppbygging samstarfsins – verkefnisstjórn, stefnuráð, Ferðamálaþing og aðrir hagaðilar
- 4) Byggja upp samstarf við þátttakendur/fyrirtæki (þátttaka í stefnumótun, fjármögnun og fyrirkomulag)
- 5) Stofnun áfangastaða – og markaðsstofu í framhaldinu á árinu 2022

Verkefnisstjóri og samlegð

SSH ræður verkefnisstjóra í samráði við verkefnisstjórn til eins árs til þess að vinna að verkefninu og stýra samtalinu við hagaðila, vinna að verkefnunum en ráðlagt er að fá ráðgjafafyrirtæki með í lið við gerð stærsta þáttarins.

Verkefnisstjóri væri staðsettur hjá SSH/Höfuðborgarstofu til þess að gæta samlegðar við verkefnin og samtals við stjórnvöld, sveitarfélögin og markaðsstofur landshlutanna – þó aðeins þegar kemur að verkefnum er snúa að þeim verkþáttum sem ákveðnir hafa verið svo ekki verði um tvíverknað að ræða en gott samstarf beggja aðila þ.e. verkefnisstjóra, SSH og Höfuðborgarstofu er mikilvægt.

Áfangastaðaáætlun

Skilgreining Ferðamálastofu:

Áfangastaðaáætlanir eru unnar í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna sem fara með verkefnisstjórn áætlanagerðar á sínum svæðum.

Um er að ræða heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis.

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuýfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Mikilvægt er að hafa í huga að áfangastaðaáætlun tekur á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæðis auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun atvinnugreinarinnar innan svæðisins: uppbyggingu, efnahagslegu vægi, þjónustupáttum o.s.frv.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun:

Verkefnastjóri, aðstaða o.s.f.rv	16.000.000
Aðkeypt vinna vegna áfangastaðaáætlunar	10.000.000
Tölfræðivinna, ferðamálaping, ofl.	4.000.000
Samtals	30.000.000

Fjármögnun:

Sveitarfélög	12.000.000
Sóknaráætlun	4.000.000
Stjórnvöld (skv. samningi/hluti/tillaga)	12.000.000
Atvinnulíf	2.000.000
Samtals	30.000.000

Fjárhagsáætlun – skipting sveitarfélaga

Skipting sveitarfélaga:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Hlutfall	
Reykjavíkurborg	134.010	56%	6.751.984
Kópavogsbær	38.760	16%	1.952.891
Seltjarnarneskaupstaður	4.690	2%	236.302
Garðabær	18.060	8%	909.938
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.530	12%	1.487.845
Mosfellsbær	12.880	5%	648.948
		100%	12.000.000

Næstu skref
– milliskref eða stórt skref😊